

Aukafundur KFÍ 18. nóvember 2015

Torfnesi kl. 18:00

Ingólfur Þorleifsson, formaður KFÍ setti fundinn og las upp tillöguna sem fyrir fundinum liggur:

*„Körfuknattleiksfélag Ísafjarðar samþykkir að taka þátt í stofnun nýs fjölgreinafélags undir merkjum Vestra og er áætlaður stofndagur þann 22. nóvember 2015.*

*Með samþykkt þessari er stjórn Körfuknattleiksfélags Ísafjarðar veitt heimild til að koma að stofnun íþróttafélagsins Vestra með það fyrir augum að Körfuknattleiksfélag Ísafjarðar verði Körfuknattleiksdeild Vestra.*

*Samþykkt þessi öðlast ekki að fullu gildi fyrr en með staðfestingu aðalfundar Körfuknattleiksfélags Ísafjarðar.*

Í kjölfarið var orðið gefið laust.

Nokkrar umræður sköpuðust og svöruðu Guðni Ó. Guðnason og Sævar Óskarsson, sem sæti eiga í undirbúningsnefnd um sameiningu, spurningum fundarmanna.

Því næst var tillagan borin undir atkvæði og samþykkt einróma.

Fundi slitið 18:20.